

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík 28. nóvember 2016  
UST201610-163/K.S.J.  
10.04.00

## **Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012, Bláskógabyggð vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu er barst 21. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000 – 2012, Bláskógabyggð vegna Brúarvirkjunar í Tungufljóti.

### **Skipulagssvæðið**

Áætlað er að reisa allt að 9,9 MW rennslisvirkjun í efra hluta Tungufljóts í Biskupstungum í landi jarðarinnar Brúar. Í greinargerð kemur fram að Tungufljót er 40 km langt og vatnasvið þess er 720 km<sup>2</sup>. Á uppdrætti af aðalskipulagstillögunni er virkjunin skilgreind inni á tveimur iðnaðarsvæðum. Áætluð framkvæmd hefur farið í umhverfismat.

### **Áætlaðar framkvæmdir**

Fram kemur í ofangreindri breytingartillögu að framkvæmdin felur í sér byggingu Brúarvirkjunar í Tungufljóti, gerð stíflu og miðlunarlóns, byggingu stöðvarhúss og gerð aðkomuvegar. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir tveimur nýjum iðnaðarsvæðum, annars vegar fyrir stöðvarhús og hins vegar fyrir stíflu inntakslóns.

Einnig kemur fram að gert er ráð fyrir þremur nýjum efnistöku- og efnislosunarsvæðum. Varðandi inntakslón kemur fram í greinargerð að stærð þess er áætluð 8,6 ha í hæstu stöðu.

### **Umhverfisskýrsla**

Ljóst er að framkvæmdir við Brúarvirkjun munu hafa áhrif á óraskað svæði og að votlendi og svæði vaxið birkiskóg munu raskast eða fara undir lón. Framkvæmdaraðilar hafa skuldbundið sig til að endurheimta samsvarandi svæði annars staðar.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar felast í breyttri ásýnd fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og landslagi þess miðað við núverandi aðstæður. Fram kemur í umhverfisskýrslu að í dag er svæðið að mestu leyti ósnortið og einkennist af Tungufljóti og vel grónum bökkum þess enda um lindá að ræða en slíkar ár eru ekki algengar á Íslandi og sjaldgæfar á heimsvísu. Einnig kemur fram að að framkvæmdum loknum mun svæðið einkennast af

umfangsmiklum mannvirkjum og skertu rennsli í Tungufljóti á um þriggja km löngum kafla. Áætluð framkvæmdasvæði er þó í nokkurri fjarlægð frá fjölförnum vegum og ferðamannstöðum og neikvæð sjónræn áhrif verða mest frá frístundabyggð í nágrenninu auk þess sem sjónræn áhrif á þá ferðamenn sem leggja leið sína upp með Tungufljóti frá núverandi þjóðvegi munu verða mjög neikvæð.


Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við framkvæmdirnar verði viðhöfð vönduð vinnubrögð og forðast verði allt óþarfa rask.


Umhverfisstofnun minnir á þau skilyrði sem sett voru af Skipulagsstofnun í álitu um mat á umhverfisáhrifum þeirra framkvæmda sem felast í ofangreindri skipulagsbreytingu:

*„Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram á hvaða svæðum eigi að ráðast í endurheimt votlendis og birkikjarrs í samráði við Umhverfisstofnun, Skógræktina, sveitarfélag og landeigendur.*

*Í framkvæmdaleyfi þarf að koma fram að rannsakað verði hvort straumönd verpi í eða við lónsstæði fyrirhugaðrar Brúarvirkjunar og svæði sem fer undir stíflumannvirki. Rannsóknin þarf að fara fram áður en framkvæmdir hefjast við stíflu eða lónstæðið.“*

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur